

Góðan dag.

Efnislega tek ég undir gagnrýni MND félagsins.

Það er hins vegar aðrar hliðar á málinu sem ég skil.

1. Það er beinlýsis hættulegt að bera fólk upp í rútur sem ekki hafa lyftur og annað útbúnað til að taka móti fötluðu fólki.
2. Er hópferðaleyfishöfum gefin einhver slaki á að útbúa ekki sínar rútur þannig að þær hennti fleiri en fullfrisku fólki ?
3. Hvaða leiðir ætlar löggjafinn að fara til að uppfylla ákvæði samnings UN um réttindi fatlaðs fólks í þessu máli ?

9. gr. Aðgengi. 1. Aðildarríkin skulu gera viðeigandi ráðstafanir í því skyni að gera fötluðu fólki kleift að lifa sjálfstæðu lífi og taka fullan þátt í mannlífinu á öllum sviðum, þ.e. ráðstafanir sem miða að því að tryggja fötluðu fólki aðgang, til jafns við aðra, að hinu efnislega umhverfi, **að samgöngum**, að upplýsingum og samskiptum, þ.m.t. upplýsinga- og samskiptatækni og kerfi þar að lútandi, og að annarri aðstöðu og þjónustu sem almenningi er opin eða látin í té, bæði í þéttbýli og dreifbýli. Fyrirnefndar ráðstafanir, sem felast m.a. í því að staðreyna og ryðja úr vegi hindrunum og tálum sem hefta aðgengi, skulu meðal annars ná til:

<https://www.velferdarraduneyti.is/media/acrobat-skiol/10062009SamningurUmRettindiFatladsFolks.pdf>

Kær kveðja,
Bergur Þorri Benjamínsson